



7. desember 2022

Tilv.: 2212026

Dreifibréf númer: 41/2022
til lánastofnana og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Drög að nýjum reglum um sértryggð skuldabréf

Seðlabanki Íslands hefur gefið út umræðuskjal nr. 19/2022 sem inniheldur drög að nýjum reglum um sértryggð skuldabréf. Reglurnar verða settar á grundvelli 25. gr. laga um sértryggð skuldabréf, nr. 11/2008. Gert er ráð fyrir að reglurnar taki gildi 1. janúar 2023. Á sama tíma falla úr gildi reglur um sértryggð skuldabréf nr. 528/2008.

Breytingarnar á reglunum taka í meginatriðum mið af breytingum á lögum um sértryggð skuldabréf sem lagðar eru til í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um sértryggð skuldabréf og lögum um fjármálafyrirtæki (sértryggð skuldabréf), sem Alþingi hefur nú til meðferðar, sbr. 433. mál.¹ Frumvarpinu er m.a. ætlað að innleiða tilskipun (ESB) 2019/2162, um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum. Útgáfa nýju reglnanna er því háð því að frumvarpið verði samþykkt.

Í regludrögunum er gert ráð fyrir að tvær nýjar greinar bætist við núgildandi reglur um sértryggð skuldabréf. Annars vegar ný 9. gr. um laust fé í tryggingasafni. Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ný grein bætist við lögin sem verður 6. gr. b og fjallar um laust fé í tryggingasafni. Samkvæmt því skal í tryggingasafni ávallt vera nægt laust fé til að standa undir hreinu hámarksútlæði lauss fjár vegna sértryggðra skuldabréfa sem safnið tryggir og afleiðusamningum sem þeim tengjast næstu 180 daga. Ákvæðinu er ætlað að innleiða 16. gr. tilskipunar (ESB) 2019/2162. Þar er aðildarríkjum falið að útfæra hvaða eignir megi nýta til að uppfylla kröfu um laust fé í tryggingasafni, en eignunum er skipt í tvö mengi, sbr. a- og b-lið 3. mgr. 16. gr. Í 4. gr. frumvarpsins, sbr. ný 6. gr. b laganna, er kveðið á um að afmarkað verði í reglum Seðlabankans hvaða eignir heimilt er að nota til að mæta lausafjárkröfunni. Í 9. gr. regludraganna er gert er ráð fyrir að heimilt verði að mæta kröfunni með eignum sem falla undir bæði a- og b-lið 3. mgr. 16. gr. tilskipunarinnar. Það er 1) eignum sem flokkast sem 1. stigs og 2. stigs (a) og (b) lausafjáreignir samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/61, sbr. reglur um lausafjárhlutfall lánastofnana, að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum, og 2) skammtímakröfum á lánastofnanir í

¹ <https://www.althingi.is/alttext/153/s/0503.html>

láns hæfisþrepi 1 eða 2, eða í þrepi 3 að uppfylltum skilyrðum c-liðar 1. mgr. 129. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

Hins vegar er í regludrögunum gert ráð fyrir að ný 18. gr. bætist við reglurnar um skýrsluskil útgefanda sértryggðra skuldabréfa til fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið). Í 16. gr. frumvarpsins er lagt til að við lögin bætist nýtt ákvæði sem verður 24. gr. a sem kveður á um upplýsingagjöf til fjármálaeftirlitsins. Þar segir að útgefandi skuli veita fjármálaeftirlitinu upplýsingar um eignir í tryggingasafni, þar á meðal laust fé, og aðgreiningu þeirra frá öðrum eignum útgefanda, fylgni við jöfnunarreglur, eftirlit sjálfstæðs skoðunarmanns og skilyrði fyrir frestun gjalddaga þegar við á. Í 17. gr. frumvarpsins er lagt til að við 25. gr. laganna bætist liður sem heimili Seðlabankanum að setja reglur um upplýsingagjöfina, þar á meðal tíðni og form upplýsingagjafa. Í nýrri 18. gr. reglnanna er gert ráð fyrir að útgefandi skili fjármálaeftirlitinu þessum upplýsingum árlega.

Þá eru nokkur ákvæði reglna um sértryggð skuldabréf uppfærð, svo sem tilvísanir til eldri reglna, og með hliðsjón af framkvæmd reglnanna.

Með dreifibréfi þessu gefur Seðlabankinn viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru jafnframt birt á vefsíðu Seðlabankans: <https://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol>

Óskað er eftir því að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 20. desember nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabankans, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal senda á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri

Björk Sigurgísladóttir
framkvæmdastjóri

